



LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

(H)

Reglur um hindrunarstökk í yngri flokkum





REGLUR UM HINDRUNARSTÖKK Í YNGRI FLOKKUM

1. Hindrunarstökk, börn og unglingar

Brautin skal riðin á stökki. Hindranir skulu vera 9, í þeim fjölbreytileika sem kveðið er á um síðar. Hæð hindrana skal vera 50 til 70 sentimetrar, t.d. fjórar 50 sm. háar, tvær 60 sm. háar og ein 70 sm. há.

Knapi skal hafa áspennntan reiðhjál. Pískur er leyfður, hámarks lengd 75 sm.

Keppandi og hestur skulu fá einkunn fyrir hverja hindrun. Þær teljast í dómi frá byrjun og bilið milli hindrana skal dæmt með næsta stökki.

Síðasta hindrun er dæmd að endamarki. Þrír dómara dæma og dæmir hver þeirra þrjár hindranir.

Bil milli hindrana: Eitt stökk milli hindrana er 5 metrar. Tvö stökk milli hindrana er 7,5 til 8 m. Lengsta bil milli hindrana er þrjú stökk, þ.e. 10 m.

Völlur skal vera afmarkaður. Æskileg stærð hans er 50 x 100 metrar, en má vera 34 x 68 m. (t.d. inni í hringvelli).

Uppröðun hindrana miðast við að hafa langar beinar línur og stóra boga. Völlur á ekki að líta út sem völundarhús.

Innanhúss á völlurinn að vera hið minnsta 20 x 40 m.

Hindranir:

- *Runni (greinar í rekkverki)*
- *Kross (spírur í krossi)*
- *Tröppur (3 spíruhindranir mismunandi háar)*
- *Hliðgrind (spíruhindrun með runnum)*
- *Veggur (eins og steinveggur)*
- *Tröppur, sjá hindrun nr. 3*
- *Veggur, sjá hindrun nr. 5*
- *Runni, sjá hindrun nr. 1*
- *Hliðgrind, sjá hindrun nr. 4*

Dæmt er samræmi og heildarmynd:

- *Áseta*
- *Stökk í brautinni*
- *Hvernig riðið er að hindrun*
- *Uppstökk*
- *Svíf*
- *Lending*

Riðnar eru 2 umferðir, engin úrslit. Sá keppandi og hestur, sem hlýtur flest stig samanlagt úr báðum umferðum er sigurvegari.

Einkunn:

Gefin eru 0 til 10 stig.

<i>Mjög gott:</i>	<i>Hestur fer á réttu stökki að hindrun og stekkur vel yfir. Áseta góð.</i>
<i>Gott:</i>	<i>Hestur snertir hindrun, stökk hestsins og áseta knapa ábótavant.</i>
<i>Sæmilegt:</i>	<i>Aðdragandi að stökki er ábótavant. Hestur hikar en fer yfir, er hikandi á leið að hindrun.</i>
<i>Lélegt:</i>	<i>Hestur hleypur sitt á hvað, skiptir um gang, áberandi hraðabreytingar.</i>
<i>Slæmt:</i>	<i>Hesturinn kemur ekki á stökki, fer yfir hindrun.</i>
<i>Afleitt:</i>	<i>Hestur fer yfir í 3. tilraun, aðdragandi að stökki er ábótavant.</i>

Hæsti mögulegi stigafjöldi er 60 stig.

Frá stigafjölda dragast:

<i>4 stig:</i>	<i>Ef hestur fellir hindrun</i>
<i>3 stig:</i>	<i>Ef tilraun misheppnast í fyrsta sinn</i>
<i>6 stig:</i>	<i>Ef tilraun misheppnast í annað sinn</i>
<i>8 stig:</i>	<i>Ef hesturinn dettur.</i>



REGLUR UM HINDRUNARSTÖKK Í YNGRI FLOKKUM

Knapi dæmdur úr leik:

- Ef riðið er vitlaust yfir hindranir án leiðréttinga
- Ef tilraun misheppnast í þriðja sinn
- Ef knapi dettur af baki

Þetta á við um hverja hindrun.

Verðlaun: Veita skal 5 verðlaun í hvorum flokki, barna og unglinga.

2. Hindrunarstökk, ungmenni og opinn flokkur

Forkeppni

Völlurinn skal vera 20 x 40 metrar.

Hindranir eiga að vera 9 og vera 60, 80, 90 og 100 sentímetra háar.

Fyrirfram er gefinn upp viðmiðunartími:

- 0,25 sek. + tíma verði bætt við, fyrir hverja umfram sek.
- 4,00 sek. + tíma verði bætt við, fyrir hverja hindrun.
- 3,00 sek. + tíma verði bætt við, fyrir hverja misheppnaða tilraun.
- 3,00 sek. + tíma verði bætt við, ef knapi dettur af baki.
- Knapi er dæmdur úr leik, eftir þrjár misheppnaðar tilraunir.

Úrslit

Fimm bestu, eða allir sem löglega hafa lokið forkeppni, fara í úrslit.

Sömu útreikningar gilda.



REGLUR UM HINDRUNARSTÖKK Í YNGRI FLOKKUM

..... Fet
 — Brokk eða tölt
 - - - - Stökk

